



Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
801 Selfoss

Garðabær, 25.7.2025
Málsnúmer: 202506-0021
MH

Efni: Deiliskipulag fyrir Sólbrekku (L213875) í Flóahreppi

Vísað er til erindis Flóahrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 12. júní 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir Sólbrekku (L213875). Þar er stefnt að því að stofna lögbýli þar sem starfrækja á gróður- og grænmetisræktun með tilheyrandi atvinnuhúsnæði. Heildarstærð landsins er 50,1 ha. Umsögn þessi byggir á greinargerð og skipulagsuppdraetti dags. 10. júní 2025.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í greinargerðinni kemur fram að skipulagssvæði sé óbyggt land þar sem finna má nokkrar vistgerðir með hátt verndargildi sem jafnframt eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Einnig kemur fram að nokkuð sé um votlendi á svæðinu, einkum í dældum milli ása og holta. Í kafla 2.0 kemur hins vegar fram að landið teljist ekki hafa verndargildi vegna gróðurs.

Náttúrufræðistofnun bendir á að svæðið einkennist að stórum hluta af vistgerðum sem metnar eru með hátt verndargildi. Þar á meðal eru mólendisvistgerðir eins og víðikjarrvist, lyngmóavist á láglendi og grasmóavist, graslendisvistgerðin língresis- og vingulsvist og votlendisvistgerðin runnamýravist á láglendi. Allar þessar vistgerðir þarfnast verndar samkvæmt Bernarsamningnum. Sú staðreynd gefur tilefni til að líta svo á að svæðið hafi að hluta til verndargildi með tilliti til gróðurs. Því telur stofnunin ekki rétt að fullyrða í greinargerðinni að landið hafi ekki verndargildi í þessu samhengi. Stofnunin leggur áherslu á að við staðsetningu bygginga og aðkomuvegar verði tekið mið af vistgerðum með hátt verndargildi og að forðast beri rask á slíkum svæðum eins og kostur er, sérstaklega votlendi.

Ljóst er af lýsingu í greinargerð að lagning aðkomuvegar gæti haft áhrif á ásýnd svæðisins, einkum þar sem farið er um brattar brekkur og trjágróður verður fjarlægður. Stofnunin bendir á að við slíkar framkvæmdir sé mikilvægt að vanda hönnun og frágang til að lágmarka sjónræn áhrif og rask á gróðri.

Uppbygging í formi lögbýlis og ræktunarstarfsemi í dreifbýli getur verið jákvæð, bæði fyrir byggðaðþróun og sjálfbæra nýtingu lands. Hins vegar eru innan skipulagssvæðisins vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og mikilvægt er að tryggja verndun þeirra eins og kostur er, einkum votlendissvæða. Einnig er brýnt að tryggja að veglagning, fráveita og aðrar framkvæmdir raski ekki viðkvæmum náttúruferbærum eða ásýnd svæðisins að óþörfu.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur